

Eru myglusveppir í bústaðnum?

TEXTI: SNÆFRÍÐUR INGADÓTTIR. MYNDIR: PÁLL JÖKULL OG ÚR EINKASAFNI.



Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, fagstjóri hjá Eflu



Snæfríður Ingadóttir
Blaðamaður

Mylglusveppir í íbúðarhúsnæði hafa verið mikið í umræðunni að undanfögnu. Slík mál einskorðast þó ekki bara við heimili fólks heldur er myglusveppi líka oft að finna í sumarhúsum.

„Slæm myglusveppatilvik hafa ekki eingöngu verið að koma upp í íbúðarhúsnæði heldur líka í sumarhúsum. Þar uppgötvast rakavandamálið oft seint og myglan fær í þeim tilfellum að grassera lengur þar sem langt er á milli heimsókna í bústaðinn,“ segir Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir. Sylgja er fagstjóri yfir nýju sviði hjá verkfræðistofunni EFLU sem ber heitið Hús og heilsa og sérhæfir sig meðal annars í skoðun, rannsóknunum og ráðgjöf á húsnæði með tilliti til raka og þeirra lífvera sem vaxa við þær aðstæður. „Vandamál í sumarhúsum tengjast oft annað hvort byggingarlagi og frágangi eða hvernig gengið er frá húsinu fyrir veturinn,“ segir Sylgja. Hún segir að þau mál sem hafi komið inn á borð til hennar tengd sumarhúsum hafi aðallega verið í nýlegri sumarhúsum og þá helst vegna þess að frágangi hefur verið ábótavatt og þá sérstaklega á þaki. Hún nefnir líka mál er tengjast mygluðu byggingarefni sem legið hefur úti á byggingartíma og síðan verið byggt úr. Eins hafi myglumál í kjölfar vatnstjóna verið algeng. „Aðalvandamálið á Íslandi er að hús leka. Við sem búum í húsunum sköpum vissulega álag með rakabúskap en hönnun, frágangur og viðhald húsa er þó einna mikilvægast og vegur þyngst.“

ERFIÐARA AÐ GREINA VANDANN Í TIMBURHÚSUM

Sylgja segir að oft geti verið erfiðara að átta sig á mygluvandamálum í sumarhúsum heldur en íbúðarhúsum þar sem þau eru oftast úr timbri. Í steinsteyptum húsum kemur stundum sjáanleg útfelling í steypuna en í timburhúsum getur vandamálið verið lengi að grassera inni í veggjum án nokkurra sjáanlegra ummerkja á yfirborði.

„Það reynist oft erfiðara að finna raka og myglu í timburhúsum með rakamælingum. Þú færð ekki endilega útslag á rakamælinn þó að það sé leki inni í timburveggjum en í steypum vegg færðu frekar útslag á mælinn sem gefur þá til kynna að eitthvað sé að.“ Aftur á móti getur verið auðveldara að laga myglu í timburhúsum, þegar hún loksins er fundin, heldur en í steypu. Auðvitað fer það eftir umfangi en oft er einfaldlega hægt að skipta sýktum spýtum út fyrir nýjar. Það er erfiðara í steinsteyptum húsum, hluti úr vegg er sjaldnast sagaður burt.

ÞURRT OG HREINT HÚS MYGLAR EKKI

Aðspurð um góð ráð fyrir sumarhúsa-eigendur sem vilja vera vissir um að myglusveppur sé ekki að myndast í sumarhúsum þá segir Sylgja að þurrt og hreint hús mygli ekki og almennt viðhald skipti öllu máli. „Það skiptir mestu máli að fylgjast með því að ekki sé neins staðar að leka inn í húsið eða að raki þéttist og ef svo er að bregðast fljótt við. Það er um að gera að kíkja upp á háloft og niður í skriðkjallara reglulega. Eins er mikilvægt að þrifa svörtu röndina sem myndast innan á gluggarúðunum.“

Algennt er að svört rönd sé þar sem móða kemur á rúður en hana á að fjarlægja og hreinsa. Ef þetta gerist óeðlilega hratt að nýju og er illviðráðanlegt getur það þó verið vísbending um að það sé eitthvað undirliggjandi vandamál í húsinu.“

SUMARHÚSALYKT VIÐVÖRUNARMERKI

Aðspurð um saggalykt í gömlum sumarhúsum þá segir Sylgja að það sé ekki endilega merki um alvarlegt vandamál en sé klárlega vísbending um að það séu einhverjar lífverur búnar að hreiðra um sig sem tengjast raka og „sumarhúsalyktin“ geti því verið viðvörunarmerki. Við sem búum á þessu landi getum líklega seint tryggt okkur gegn því að vatn nái að leka inn í húsin okkar en okkar viðbragð og þekking sem sumarhúsa-eigenda skiptir því höfuðmáli.

Sylgja segir að sturtan sé ákveðinn áhættuþáttur. Örugast sé að vera með heilan sturtuklefa eða dúkleggja í hólf og gólf. „Í timburhúsi er alltaf einhver hreyfing á byggingarefnum og við höfum séð að það eru minnstu skemmdirnar þar sem heilir klefar eru. Það er mjög mikilvægt að sumarhúsa-eigendur fylgist vel með öllum þéttingum á sturtusvæðinu. Eins þarf að passa upp á að vatn liggja ekki á gereftum eða parketi, fólk þarf að vera duglegt að þurrka upp bleytu eftir pottaferðir. Svo þarf auðvitað að lofta reglulega út en eins mæli ég með því að fólk komi sér upp loftrakamæli í bústaðnum og fylgist þannig sjálft með loftrakastigi hússins.“ ■